

Alþingi
Erindi nr. P 135/2410
komudagur 28.4.2008



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2008
Tilvísun: 2008040022
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði.

Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Lagt er til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að aðstoða sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhrepp við að undirbúa og kanna þörf á starfrækslu þjónustumiðstöðvar sem gæti annast alla helstu þjónustu hérlendis við skip sem leita að olíu á Drekasvæði.

Orkustofnun er kunnugt um að iðnaðarráðuneyti hefur gert samning við verkfræðistofur um framkvæmd á ráðgjafþjónustu við staðarval fyrir þjónustumiðstöð við olíuleit. Þar er gert ráð fyrir að verksali taki að sér að kanna hagkvæmni þess að á Norðaustulandi verði reist þjónustumiðstöð fyrir olíuleit og mögulega vinnslu síðar. Verkinu á að ljúka með greinargerð og samanburði valkosta ásamt kostnaðaráætlun fyrir uppbyggingu þjónustumiðstöðvar eigi síðar en 1. september 2008.

Orkustofnun telur eðlilegra að skoðaðar séu og bornar saman aðstæður til uppbyggingar þjónustumiðstöðvar í viðara samhengi, þ.e. á öllu því svæði sem kann að koma til greina, með hliðsjón af fyrirliggjandi áætlun um útboð á leitarleyfum, í stað þess að tiltaka og styðja einstök sveitarfélög til slíkrar könnunar. Stofnunin telur að best fari á því að upplýsingar um sem flesta möguleika liggi fyrir ef eða þegar til útboðs á leyfum kemur, enda muni væntanlegir leyfishafar taka ákvörðun um hvaða svæði þeir telji að henti sinni starfsemi best.

Virðingarfyllst


Elín Smáradóttir